

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 28. nóvember 2019

Tillaga um Regnbogavottun á starfsstöðum Reykjavíkurborgar

Lagt er til að hefja vinnu við Regnbogavottun á starfsstöðum borgarinnar til þess að gera vinnustaði borgarinnar hinseginvæna.

Markmiðin með Regnbogavottun eru m.a. að:

- Koma í veg fyrir mismunun (beina og óbeina) í garð hinsegin fólks
- Skapa starfsumhverfi sem er hinseginvænt
- Tryggja að þjónusta sem borgin veitir sé hinseginvæn
- Reykjavíkurborg verði þekkt fyrir Regnbogavottunina og álitin hinseginvænn vinnustaður

Greinagerð:

Markmið Regnbogavottunar eru í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, en sjöundi kafli hennar fjallar um þætti sem snerta hinsegin fólk og segir þar m.a.:

7.2.1 Virða ber rétt fólks til að tjá sig, eða tjá sig ekki, um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu eða kyneinkenni sín.

7.2.2 Starfsfólk skapar andrúmsloft sem er laust við fordóma gagnvart hinsegin samstarfsfólki og á það við í starfi og leik á vinnustaðnum.

Starfsfólk [Reykjavíkurborgar] skal ekki ganga út frá því sem vísu að allir sem njóta þjónustu borgarinnar séu gagnkynhneigðir, síis-kynja eða eigi gagnkynhneigða eða síis-kynja foreldra. Starfsfólk gengur heldur ekki út frá því að allir eigi tvo foreldra þar sem sum börn eiga eitt foreldri og önnur fleiri en tvo foreldra. Samskipti starfsmanna og þeirra sem njóta þjónustu séu byggð á gagnkvæmri virðingu.

Þá eru markmiðin einnig í samræmi við lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði en þau gilda m.a. um einstaklinga óháð kynhneigð, kynvitund, kyneinkenum eða kyntjáningu. Í 7. gr. laganna er kveðið á um bann við beinni og óbeinni mismunun sem og að atvinnurekendur skuli sérstaklega vinna að jafnri meðferð starfsmanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og koma í veg fyrir mismunun vegna [ofangreindra] þátta.

Það liggja ýmsar rannsóknir og efni að baki regnbogavottuninni, m.a. könnun Samtakanna '78 (2014) og Hinsegin daga (2019) sem báðar spyrja um reynslu hinsegin fólks í vinnunni, og „*Við erum alltaf gay. Ekki bara þegar hinum hentar*“. *Reynsla og upplifun hinsegin starfsfólk hjá Reykjavíkurborg* (2014). Einnig er stuðst við efni frá félagasamtökum á borð við Samtökin '78, Trans Ísland, Human Rights Campaign og Stonewall UK. Síðarnefndu samtökin bjóða upp á sambærilega vottun, en slíkt er til staðar t.d. á norðurlöndunum, í mörgum evrópskum borgum og Bandaríkjunum. Þess má geta að ýmsar borgir sem eru aðilar að Rainbow Cities Network (RCN) bjóða upp á sambærilega vottun, en Reykjavíkurborg gerðist aðili að þeim samtökum árið 2019. Þá er einnig tekið mið af umfjöllun á málþingi Hinsegin daga 2019 um hinsegin fólk og atvinnulífið þar sem Nasdaq kynnti hinseginvæna stefnu sína en einnig var fjallað um þörfina á hinseginfræðslu og -vottun en um leið skort á slíku í íslensku atvinnulífi. Var það, ásamt aðildin að RCN, kveikjan að því að ráðast í regnbogavottunina á þessum tímapunkti.